


ÍBÚÐ E2

Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, svefnherbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á svalir með svalaskjóli.

Allar innréttingar eru úr melamíni með viðaráferð. Í eldhúsi er L-laga eldhúsinnrétting, bakaraofn í borðhæð, uppþvottavél og keramik helluborð. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Á gólfum er harðparket nema á baðherbergi þar sem allur gólfhlötur er flísalagður með hindrunarlausu aðgengi að sturtusvæði.

Veggir á baðherbergi eru flísalagðir í hurðarhæð. Salerni er upphengt og á vegg er handklæðaofn. Tenging er fyrir þvottavél og þurrkara. Skápar eru í svefnherbergi og fatahengi í forstofu. Sólbekkir eru í stofugluggum. Ljósúplar eru í forstofu, á baðherbergi og í eldhúsi, þar er einnig ljósstæði undir efri skápum. Sérgeymsla er á jarðhæð. Hjóla- og rafskutlugeymsla er í götuhæð. Allar íbúðir eru búnar myndavéladyrasíma.



ÍBÚÐ NR:	103 207
Íbúð	72 m ²
Geymsla	7 m ²
Alls	79 m ²



Naustavör er
dótturfélag
Sjómannadagsráðs

NAUSTAVÖR

Öryggi | Afþreying | Þjónusta